

## REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum fiskibáta í apríl og maí 1981.

### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til fiskiskipa annarra en þeirra, er togveiðar stunda samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 632 18. desember 1980, um takmarkanir á þorskveiðum togskipa árið 1981 og viðauka við þá reglugerð nr. 79 3. febrúar 1981.

### 2. gr.

Á tímabilinu frá kl. 18.00 14. apríl 1981, til kl. 12.00 á hádegi 21. apríl 1981, eru fiskiskipum, sbr. 1. gr., bannaðar þorskveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Á þessu tímabili er óheimilt að hafa nokkur þorskfisknet í sjó.

### 3. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. maí 1981 til og með 7. maí 1981 eru togskipum, sbr. 1. gr., bannaðar þorskveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi.

### 4. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar samkvæmt 2.—3. gr., má hlutfall þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Þorskafli undir þeim mörkum skoðast sem löglegur aukaafli, en fari þorskafli veiðiferðar fram úr 15% af heildarafla, verður það sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

### 5. gr.

Komi fiskiskip með afla að landi á tímabili, sem þorskveiðar eru því bannaðar samkvæmt 2.—3. gr. og hlutfall þorsks í afla reynist hærra en 15%, skal svo litið á, að hér sé um ólöglegan afla að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 4. gr., nema í ljós komi, að veiðar hafi ekki verið stundaðar á þeim tíma, sem þorskveiðar eru því bannaðar. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabilsins samkvæmt 2.—3. gr., hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

### 6. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

### 7. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 6. apríl 1981.*

F. h. r.

**Þórður Ásgeirsson.**

Jón B. Jónasson.

**REGLUGERÐ**

**um bann við togveiðum fyrir Austurlandi.**

## 1. gr.

Allar veiðar með botn- og flotvörpu eru bannaðar á svæði, sem markast af línunum dregnum milli eftirgreindra punkta:

- a) 64°56'0 N 12°11'6 V
- b) 65°00'5 N 11°33'0 V
- c) 64°33'0 N 12°06'0 V
- d) 64°27'2 N 12°43'1 V.

## 2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 6. apríl 1981.*

F. h. r.

**Þórður Ásgeirsson.**

Þórður Eyþórsson.